

Nd.

50. Frumvarp til laga

[46. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 frá 1950.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Björn Pálsson, Halldór E. Sigurðsson, Jón Skaftason,
Halldór Ásgrímsson, Sigurvin Einarsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Kostnaður við framkvæmd laga þessara greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi,
er landbúnaðarráðherra samþykkir.

Laun héraðsráðunauta og ferðakostnaður þeirra greiðist að $\frac{2}{3}$ hlutum úr ríkissjóði, en $\frac{1}{3}$ hluta af hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

Þóknun mælingamanna greiðist á sama hátt, enda samþykki landbúnaðarráðherra launagreiðslur búnaðarsambandanna vegna starfsemi þeirra.

2. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða framlag úr ríkissjóði sem hér segir:

I. Framræsla vegna túna-, akur-, engja- og hagaræktar (vélgrafnir og handgrafnir opnir skurðir, svo og hvers konar lokuð ræsi):

Framlag 85% kostnaðar.

II. Jarðrækt:

a. Frumvinnsla lands vegna grænófóðurs- og kornræktar.

b. Túnrækt á söndum.

c. Túnrækt á vallendi, móum og melum.

d. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi.

e. Endurvinnsla túna vegna kals eða þýfis.

f. Grjótnám.

Framlag 25% kostnaðar.

III. Girðingar um ræktunarlönd:

a. Sex strengja gaddavirsgirðing.

b. Fimm strengja gaddavirsgirðing.

c. Þriggja strengja gaddavirsgirðing á skurðbakka.

d. Vírnetsgirðing með einum gaddavirsstreng.

Framlag 25% kostnaðar.

IV. Þurrheyslööður úr varanlegu efni:

Framlag 15% kostnaðar.

V. Votheyshlööður úr varanlegu efni:

Framlag 25% kostnaðar.

VI. Áburðargeymslur:

a. Safnþrær.

b. Áburðarhús, haugstæði og kjallarar.

Framlag 25% kostnaðar.

VII. Súgpurrkunarkerfi með eða án blásara:

Framlag 40% kostnaðar.

VIII. Garðávaxtageymslur steiptar með þaki úr varanlegu efni:

Framlag 15% kostnaðar.

Búnaðarfélag Íslands og Teiknistofa landbúnaðarins láta sérfræðinga sína meta árlega kostnað hvernar tegundar framkvæmda, sem upp eru taldar í grein þessari.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um fjörutíu ára skeið hafa hér á landi verið í gildi lög um stofnframlag ríkisins til jarðræktar og fleiri framkvæmda í sveitum. Framlög þessi hafa verið talin sjálf-sögð þátttaka þjóðarheildarinnar í kostnaði við það landnám, sem hér hefur átt sér stað á þessu tímabili.

Svipaðar reglur hafa gilt og gilda enn hjá grannþjóðum vorum um opinberan stuðning við landbúnað, þó að um eiginlegt landnám eða útfærslu hins ræktaða lands sé þar yfirleitt ekki að ræða. Almenn er litið svo á, að stofnframlög ríkis til landbúnaðar geri hvort tveggja í senn að örva til framkvæmda og framleiðslu búvöru og

geri jafnframt kleift að halda verðlagi hennar lægra en ella og borgi sig þannig ríflega fyrir þjóðarheildina, þegar til lengdar lætur.

Gildandi lagaákvæði um ríkisframlög til jarðræktar og húsbóta í sveitum eru úrelt orðin. Í þeim er gert ráð fyrir, að framlagið sé ákveðin upphæð í krónutölu á hverja framkvæmdaeiningu að viðbætti verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu. En þar sem vísitala hefur ekki verið látin verka á peningagreiðslur, síðan lög um efnahagsmál voru sett 1960, þá hefur síhækkandi ræktunar- og byggingarkostnaður valdið því, að ríkisframlagið hefur farið hlutfallslega lækkandi ár frá ári.

Visitalan, sem framlögin eru miðuð við, hefur staðið föst síðan 1960, og þess vegna hefur jarðræktarframlagið verið aðeins kr. 1223.60 á ha., en ef það væri í sama hlutfalli við ræktunarkostnað og það var 1959, þá ætti það að vera kr. 3047.50 á ha.

Í frumv. þessu eru gerðar nokkrar breytingar á gildandi lögum.

Á I. kafla er gerð sú breyting, að ríkissjóði er ætlað að greiða $\frac{2}{3}$ hluta launa héraðsráðunauta í stað helmings nú, en auk þess er það nýmæli, að ríkissjóður greiði einnig $\frac{2}{3}$ ferðakostnaðar ráðunauta, sem búnaðarsamböndin greiða nú ein. Er þetta ákvæði í samræmi við eindregnar óskar búnaðarsambandanna, sem flest hver hafa mjög takmörkuð fjárráð.

Á II. kafla er gerð sú meginbreyting, að í frumv. er ríkisframlag til jarða- og húsbóta bundið við ákveðið hlutfall af áætluðum kostnaði við framkvæmdirnar, er metinn sé árlega af trúnaðarmönnum Búnaðarfélags Íslands og Teiknistofu landbúnaðarins. Er það gert til að fyrirbyggja, að aukning verðbólgu rýri enn ríkisframlagið hlutfallslega. Þá eru framlögin hækkuð verulega frá því, sem nú er, og verða samkvæmt frumv. hlutfallslega nokkru hærri en ákveðið var, þegar gildandi lög voru sett.

Þurrkun lands er undirstöðuatriði vegna ræktunar og til að auka beitarþol. Þeir, sem þurrkunina framkvæma, njóta fæstir nema skamman tíma þeirra landbóta, sem hún veitir. Það mikla fé sem einstaklingar leggja fram til landþurrkunar, má segja að þeir gefi komandi kynslóðum. Slíkum framkvæmdum má líkja við líftryggingu eða sparissjóðsbók, sem ber háa vexti.

Það sýnist vera mjög nauðsynlegt, að landþurrkunin verði framkvæmd á skipulegum grundvelli og eftir fyrirframgerðum áætlunum, og eðlilegt, að þjóðfélagið taki í sífellt stærra mæli þátt í þeim kostnaði, sem af slíku leiðir. Hér í þessu frumv. er gert ráð fyrir, að hlutur ríkisins verði 85% af kostnaði. Er hér um 30% hækkun að ræða frá því, sem nú er í lögum. Þótt hér sé ekki gerð tillaga um meiri hækkun á ríkisframlagi til landþurrkunar, er það þó skoðun flutningsmanna, að stefna beri að því, að ríkið greiði allan kostnað við landþurrkunina.

Til jarðræktar er nú kr 1223.60 á ha. eða um 10% af kostnaði, en verður samkv. frv. 25% eða rúmlega kr. 3000.00 á ha.

Til girðinga en nú kr. 1.84 á metra eða nálægt 11% kostnaðar, en verður samkv. frumv. 25% eða nálægt 5 krónum á metra.

Til þurrheshlaða er nú á m³ kr. 6.12 á steypar hlöður, en kr. 4.59 á hlöður úr öðru efni, og er þetta talið að vera um 2.3% af kostnaði. Samkvæmt frumv. verður framlagið 15% eða sennilega nálægt 50 krónum á rúmmetra.

Til votheyshlaða er nú á m³ kr. 33.65 eða um 8.5%, en verður samkv. frumv. 25% eða um 125 krónur á m³.

Til áburðargeymsla er nú m³ kr. 30.59 á áburðarhúsi og kr. 18.35 á haugstæði eða um 8.5% kostnaðar. Samkv. frumv. verður framlagið 25% eða um 50 krónur á m³ í áburðarhúsi.

Til súgþurrkunarkerfa miðað við gólflöt er nú á fermetra kr. 91.77, og er það talið að vera um 10% af kostnaði við súgþurrkunarkerfi með fasttengndum blásara. Samkvæmt frumvarpinu verður framlagið 40% af kostnaði.

Til garðávaxtageymsla er nú á m³ kr. 33.65 eða 8.5% kostnaðar, en verður samkv. frumv. 15%, eða nálægt 50 krónum á m³.